



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á afmælishátíð
Sagnfræðingafélags Íslands**

**Hótel Borg í Reykjavík
30. september 2021**

Ágæta forystusveit Sagnfræðingafélags Íslands,
kæru fræðafélagar og aðrir gestir.

Ég óska ykkur öllum hjartanlega til hamingju með afmælið. Eflaust finnst flestum að hálf öld sé drjúg stund, langur tími og vel til fundið að minnast merkra tímamóta, líta um öxl og rifja upp það sem á dagana hefur drifið. Já, eflaust finnst flestum þetta – nema kannski sagnfræðingum. Tímaskyn þeirra getur verið annað en annars fólks, annað en venjulegs fólks.

Þetta vitið þið mörg sem hér eruð, ekki síst eftir áralangt nám í faginu. Hvað hefði hinum franska Fernand Braudel til dæmis fundist um fimmtíu ára tímaskeið? Það er ekki neitt, bara eitt lítið gjálfur á hinu mikla úthafi liðins tíma, örskot í hinni langvarandi sögu, „*longue durée*“ sem Braudel nefndi svo. „Það verður að segjast eins og er,“ skrifaði hann, „að í sögunni er einstaklingurinn einatt ekki meira en óhlutbundið hugtak,“ – „*mere abstraction*“ á ensku.¹ Já, sé lítið vítt yfir sviðið í tíma og rúmi má auðvitað segja það sama um Sagnfræðingafélag Íslands og þess fimmtíu ár, að í því samhengi sé það bara eitt lítið óhlutbundið hugtak.

En hér erum við nú samt. Og eitthvað hefur verið unnið þessi fimmtíu ár. Einhver erum við sem höfum lagt hönd á plóg. Af mörgu væri þá að taka. Flytja mætti langt mál um störf Sagnfræðingafélags Íslands, jafnvel skrifa enn lengri

¹ Fernand Braudel, *On History*. Sarah Matthews þýddi úr frönsku (Chicago: The University of Chicago Press, 1980), bls. 33.

bækur. Og þá förum við nú heldur betur frá hinni langvarandi sögu löngu alda og lóðbeint yfir í sögu einstaklinga og atburða, *histoire événementielle*.²

Sagnfræðingafélag Íslands var formlega stofnað árið 1971 og ég ætla ekki að þreyta ykkur með því að þylja nöfn þeirra sem hafa lagt sitt af mörkum í þágu félagsins eða rekja margt af því sem það hefur staðið fyrir – fyrirlestra, fréttabréf og póstlista, ráðstefnur og söguþing, bókakvöld og bókaútgáfu, ályktanir og umsagnir um sagnfræðileg málefni. Ég nefni bara að af nægu væri að taka ef við ákvæðum að nota *míkró* frekar en *makró*, ef við ákvæðum að skoða okkar ágæta Sagnfræðingafélag með augum einsögufraeðinganna.

En þetta er einmitt það sem félagið hefur gert svo vel í tímans rás. Á vettvangi þess hefur verið efnt til umræðna um eðli fagsins, um tilgang þess og inntak. Um leið hefur það ætíð leitast við að efla umræðu um sagnfræði og liðna tíð til fróðleiksfúss almennings.

Þannig rökræður hafa verið frjóar og örvandi, fjörlegar og lifandi. Hér kemur eitt dæmi: Árin 2004–2007 var ég formaður þessa ágæta félags og þá ræddum við fram og til baka um eðli fræðigreinarinnar. Laugardaginn 12. mars 2005 sendi ég skeyti á Gammabrekku, póstlista félagsins – sendi eiginlega tundurskeyti ef út í það er farið:

Eflaust má þó spyrja hve lengi mönnum takist að halda uppi frjórri umræðu um aðferðafræði sagnfræðinnar, og hvenær að því komi að menn fari bara í hringi og endurtaki sig. Ég vil líka bæta því hér við að hlutverk sagnfræðinga er að afla vitneskju um liðna tíð og koma henni á framfæri í samtímanum. Þótt aðferðafræði skipti máli í þeirri vinnu þá skiptir afurðin – rannsóknin og hin aukna vitneskja – höfuðmáli. Fólk ætti að varast að hugleiða svo mikið hvernig á að gera hlutina að það gefi sér ekki tíma til að gera þá.³

Svo mörg voru þau orð. Maður hefði eins getað veifað rauðri dulu framan í mannýgt naut. Nú ýki ég auðvitað en stundum er það kannski líka eðli öflugrar sagnfræði. Við tóku afar lífleg skoðanaskipti sem ég rek ekki nánar hér nema það að ég hjó aftur í sama knérunn og flutti fræðasamfélaginu þessa djúpu speki: „Aðferð er ekkert án afurðar.“⁴

² „Longue durée“, https://en.wikipedia.org/wiki/Longue_dur%C3%A9e. Skoðað 28. sept. 2021.

³ Guðni Th. Jóhannesson, „Umræða um ekkert? Einföld og flókin skoðanaskipti sagnfræðinga um aðferð og afurð, sögur og sagnfræði, skor, skóga og tré.“ *Kistan*, 5. apríl 2005, <https://web.archive.org/web/20070103041920/http://www.kistan.is/efni.asp?n=3574&f=15&u=94>. Skoðað 28. sept. 2021.

⁴ Sama heimild.

Var maður kannski kominn á skjön við tíðarandann, pösítívískur sagnfræðingur í póstmóðernískum heimi?⁵ Hvað var það ekki sem Grímur Thomsen orti um bergrisa, Bessastaðabóndi á liðinni öld:

Í fornöldinni
fastur eg tóri,
í nútíðinni
nátttröll eg slóri ...

Ég árna Sagnfræðingafélagi Íslands allra heilla á merkisafmæli þess, þakka öllu því góða fólki sem hefur unnið á vettvangi þess í áranna rás og hlakka til að njóta þessarar fallegu stundar hér með ykkur.

⁵ Sjá t.d. John Tosh, *The Pursuit of History. Aims, Methods and New Directions in the Study of Modern History* (London og New York: Longman, 1984), bls. 109–117, og sami höf., *The Pursuit of History. Aims, Methods and New Directions in the Study of History* (London og New York: Routledge, 6. útg., 2015), bls. 150–151. Þótt nýrri útgáfan sé mun lengri er umfjöllunin um pösítívisma mun styttri.